



Kröfugerð Verkalýðsfélags Akraness 2019

-Kjarasamningur við Samband íslenskra sveitafélaga-

Lögð fram 13. maí 2019

Inngangur

Kjarasamningar starfsmanna sveitarfélaga innan Verkalýðsfélags Akraness voru lausir þann 31. mars 2019. Sú ákvörðun var tekin af stjórn og trúnaðarráði félagsins að framselja samningsumboðið ekki til Starfsgreinasambands Íslands heldur að skipa samninganefnd sem sjái um undirbúning og framkvæmd kjaraviðræðna við Launanefnd sveitarfélaga. Í nefndinni sitja trúnaðarmenn sem starfa hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu auk Vilhjálms Birgissonar formanns félagsins.

Samninganefndinni hefur verið falið að tryggja að starfsfólk sveitarfélaga fái a.m.k. sambærilegar kjarabætur og samið var í svokölluðum lífkjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði sem undirritaðir voru 3. apríl 2019. Hlutverk samninganefndar VLFA er einnig að tryggja að þau sérákvæði sem samið var um árið 2005 haldi sér.

Samninganefnd:

Vilhjálmur Birgisson, Bryndís Ó. Guðjónsdóttir, Jóna Adolfsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Samningaráð:

Vilhjálmur Birgisson og Sigríður Sigurðardóttir.

Félagið áskilur sér rétt til að kalla til aðra fulltrúa og starfsfólk eftir efnum og ástæðum.

Yfirlit kröfugerðar

1. Samið verði um launaskriðstryggingu.
2. Krónutöluhækkarnir á laun og kauptaxtar hækki sérstaklega.
3. Launatengdir liðir hækki um 2,5%.
4. Fundinn verði leið til styttingar á vinnuvikunni.
5. Samið verði um hagvaxtarauka með sambærilegum hætti og gert var á hinum almenna vinnumarkaði.
6. Gildistími samningsins verði frá 1. apríl 2019 til 1. desember 2022.
7. Á vinnsla persónuálags vegna símenntunar og starfsreynslu verði hraðað.
8. Að sérákvæði sem samið var um 2005 haldi sér.
9. Að starfstengdu námi á framhaldsskólastigi verði gert hærra undir höfði.
10. Samið verði um 2 undirbúningstíma fyrir skólaliða og starfsmenn á leikskólum
11. Réttindi tímakaupsfólks verði tryggð mun betur en nú er.
12. Laun verði greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar.
13. 1. maí verði stórhátíðardagur og aðfangadagur og gamlársgitur verða stórhátíðardagur allan daginn.
14. Setja reglur um fjölda nemenda á hvern starfsmann í mötuneyti.
15. Inngrip skólaliða/stuðningsfulltrúa í kennslu verði umbunað með auka greiðslu.
16. Greiða á starfsfólki sem er gert að borða með börnum og skjólstæðingum í grunn- og leikskólum, sambýlum og öðrum stofnunum klukkutíma í yfirvinnu á dag.
17. Greiðslur vegna vinnufatnaðar verði fastmótaðar í grein 8.2 og skilgreining þeirra sem eiga rétt á fatnaði verði betur skilgreindar.

18. Áskilinn er réttur til endurskoðunar kröfugerðarinnar.

Nánari útlistun á kröfum

1. Kauptrygging vegna launaþróunar

Á árunum 2020-2022 reiknast ár hvert kauptaxtauki vegna launaþróunar að tilteknum skilyrðum.

Bera skal saman launaþróun launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir opinbera vinnumarkaðinn við hlutfallslega breytingu hæsta virka launaflokks í kjarasamningi VLFA við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Viðmiðunartímabil samanburðarins er desembermánuður ár hvert á samningstímanum, fyrsta sinn tímabilið desember 2019 til desember 2020. Niðurstaða liggja fyrir í mars ár hvert.

Verði niðurstaðan sú að framangreind launavísitala hafi hækkað meira en viðmiðunartaxtinn á viðmiðunartímabilinu skal úrskurða um tiltekna krónutölu sem allir kauptaxtar kjarasamningsins aðila hækki um. Krónutala þessi reiknast sem hlutfall umframhækkunarinnar af framangreindum kauptaxta. Kauptaxtauki bætist við kauptaxta 1. maí.

2. Krónutöluhækkunir á laun og kauptaxtar hækka sérstaklega

Krónutöluhækkunir verði nákvæmlega þær sömu og samið var um í lífskjarasamningum.

Almenn hækkun mánaðarlaun fyrir fullt starf:

- 1. apríl 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 18.000 kr.
- 1. Janúar 2021: 15.750 kr.
- 1. Janúar 2022: 17.250 kr.

Kauptaxtar:

- 1. apríl 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 24.000 kr.
- 1. Janúar 2021: 24.000 kr.
- 1. Janúar 2022: 25.000 kr.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf á mánuði:

- 1. Apríl 2019: 317.000 kr.
- 1. Apríl 2020: 335.000 kr.
- 1. Janúar 2021: 351.000 kr.
- 1. Janúar 2020: 368.000 kr.
-

Desember- og orlofsuppbót:

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2019: 116.000 kr.
- Á árinu 2020: 119.000 kr.
- Á árinu 2021: 122.000 kr.
- Á árinu 2022: 126.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2019: 50.000 kr.
- Á árinu 2020: 52.000 kr.
- Á árinu 2021: 54.000 kr.
- Á árinu 2022: 56.000 kr.

3. Kjaratengdir liðir:

Kjaratengdir liðir hækka um 2,5% á sömu dagsetningum nema um annað hafi verið samið.

4. Stytting vinnuvikunnar:

Samið verði um styttingu vinnuvikunnar og eru allar hugmyndir að því markmiði undir í þessum samningum.

5. Hagvaxtaauki:

Á árunum 2020 – 2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtist í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á launataxta	Launaauki á mánaðarlaun dagvinnu	föst fyrir
1,0 – 1,50%	3.000 kr.		2.250 kr.
1,51 – 2,00%	5.500 kr.		4.125 kr.
2,01 -2,50%	8.000 kr.		6.000 kr.
2,51 – 3,00%	10.500 kr.		7.875 kr.
>3,0%	13.000 kr.		9.750 kr.

6. Gildistími sammingsins:

Gildistími kjarasammingsins sé frá 1. apríl 2019 til 1. desember 2022

7. Á vinnsla persónuálags vegna símenntunar og starfsreynslu verði hraðað.

VLFA gerir kröfu um breytingu á að starfsreynsla verði breytt með eftir farandi hætti:

- Samtals 1 stig (2%) eftir 1 árs starf hjá sveitafélögum og eða/ öðrum sambærilegum störfum
- Samtals 2 stig (4%) eftir 3 ára starf hjá sveitafélögum og eða/ öðrum sambærilegum störfum
- Samtals 3 stig (6%) eftir 5 ára starf hjá sveitafélögum og eða/ öðrum sambærilegum störfum
- Samtals 4 stig (8%) eftir 7 ára starf hjá sveitafélögum og eða/ öðrum sambærilegum störfum
- Samtals 5 stig (10%) eftir 10 ára starf hjá sveitafélögum og eða/ öðrum sambærilegum störfum

8. Að sérákvæði sem samið var um 2005 haldi sér:

Þessi krafa skýrir sig sjálf og mun félagið fylgja henni eftir við forsvarsmenn Akraneskaupstaðar en ljóst að afar mismunandi sérákvæði eru í gildi á milli sveitafélaga.

9. Að starfstengdu námi á framhaldsskólastigi verði gert hærra undir höfði.

Nú stendur starfsfólki til boða að stunda nám á framhaldsskólastigi á starfstengdum brautum sem eru klæðskerasaumaðar að starfi þeirra. Í 10. kafla núverandi kjarasammings er hægt að fá sem nemur 4% hækkun á grunnlaun með því að ljúka prófi á framhaldsskólastigi sem spannar 2 eða 4 ár.

Þessar starfsbrautir eru margar eitt til eitt og hálf t ár og því engin hækkun tryggð í kjarasamningnum.

10. Samið verði um 2 undirbúningstíma fyrir skólaliða og starfsmenn á leikskólum:

Það er ekkert sanngirni fólgið í því að skólaliðar og starfsmenn á leikskólum eigi ekki rétt á undirbúningstímum alveg eins og aðrir starfsmenn sem fjallað er um í greinum 2.1.5.1 og 2.1.5.2

11. Réttindi tímakaupsfólks verði tryggð mun betur en nú er.

Það gjörsamlega blasir við að tryggja þarf mun betur réttindi þessa hóps í þessum kjarasamningum og nægir að nefna að þessir starfsmenn eru ekki að fá tíma sína metna inn til ávinnslu orlofs- og desemberuppbætur eins og eðlilegt væri.

12. Laun verði greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar.

Á hinum almenna vinnumarkaði er þessi regla við lýði og ljóst að þetta yrði til mikilla hagsbóta fyrir starfsmenn sveitarfélaga að fá laun sín greidd út síðasta virka dag hvers mánaðar.

13. 1. maí verði stórhátíðardagur og aðfangadagur og gamlársgdagur verða stórhátíðardagur allan daginn:

Þessi krafa er sanngirniskarfa enda ekkert eðlilegra en að 1. maí baráttudagur verkafólks sé með stórhátíðarálagi sem og vinna fyrir hádegi á aðfangadegi og gamlársgdegi.

14. Setja reglur um fjölda nemenda á hvern starfsmann í mótuneyti:

Það eru dæmi um að nemendum sem nýta sér mótuneyti skólanna hafi fjölgað gríðarlega á liðnum misserum án þess að starfsmönnum hafi verið fjölgað samhliða. Við þessu þarf að bregðast með einhverjum hætti. Annaðhvort að starfsmenn fái greidda álagsgreiðslu eða starfsmönnum í mótuneytum verði fjölgað.

15. Inngrip skólaliða/stuðningsfulltrúa í kennslu verði umbunað með auka greiðslu.

Skólaliðar og stuðningsfulltrúar grunnskóla þurfa reglulega að taka yfir umsjón bekkja vegna fjarveru kennara. Í þeim tilfellum er ábyrgð þeirra aukin til muna en að sama skapi er ekki gert ráð fyrir því að launin hækki með. Áhersla er lögð á að í slíkum tilfellum fái þessir aðilar auka greiðslu fyrir slíkt .

16. Greiða á starfsfólki sem er gert að borða með börnum og skjólstæðingum í grunn- og leikskólum, sambýlum og öðrum stofnunum klukkutíma í yfirvinnu á dag:

Fordæmi fyrir þessari greiðslu er að finna í kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Eflingu og því einungis um réttlætismál um að ræða.

17. Greiðslur vegna vinnufatnaðar verði fastmótaðar í grein 8.2 og skilgreining þeirra sem eiga rétt á fatnaði verði betur skilgreindar:

Mjög mikilvægt að reglur í kringum vinnufatnað verði fastmótaðar enda mjög mismunandi hvernig greiðslum er háttáð til starfsmanna eftir sveitarfélögum. Einnig þarf að tilgreina betur hverjir eigi rétt á vinnufatnaði og nægir að nefna skólaritarar eiga ekki rétt á vinnufatnaði eða greiðslu.

18. Verkalýðsfélag Akraness áskilur sér rétt til að leggja fram viðbótarkröfur á síðari stigum viðræðna.